

Samgöngu-og sveitarstjórnarráðuneyti
Hermann Sæmundsson, skrifstofustjóri
Sölvhólgötu 7
150 Reykjavík

Egilsstaðir 19. mars 2020

Efni: Frestun sveitarstjórnarkosninga í sameinuðu sveitarfélagi

Með vísan til þess að heilbrigðisráðherra hefur á grundvelli sóttvarnalaga takmarkað samkomur tímabundið í fjórar vikur til að hægja á útbreiðslu COVID-19 hefur Undirbúningsstjórn verkefnisins Sveitarfélagið Austurland lagt til við sveitarstjórnir Borgarfjarðarhrepps, Djúpavogshrepps, Fljótsdalshéraðs og Seyðisfjarðarkaupstaðar að sveitarstjórnarkosningum sem fyrirhugaðar eru 18. apríl næstkomandi, verði frestað.

Við vinnslu málsins var leitað álits Ríkislögreglustjóra og Sóttvarnalæknis og átt samráð við Almannavarnanefnd Austurlands, Sýslumannsembættið á Austurlandi, yfirkjörstjórn, oddvita þeirra framboða sem fram eru komin, samgöngu-og sveitarstjórnarráðuneytið og dómsmálaráðuneytið.

Ráðleggingar Sóttvarnalæknis og Ríkislögreglustjóra eru að fresta fyrirhuguðum sveitarstjórnarkosningum á Austurlandi vegna COVID-19 faraldurs. Enginn þeirra aðila sem samráð var haft við leggst gegn því að fresta kosningunum.

Sveitarstjórnirnar fjórar hafa allar fjallað um tillöguna og samþykkt að leggja til við samgöngu-og sveitarstjórnarráðherra að kosningunum verði frestað. Meðfylgjandi eru afrit úr fundargerðum sveitarstjórnanna.

Undirbúningsstjórn hefur hafið vinnu við endurskoðun verk-og tímaáætlunar sameiningar sveitarfélaganna. Ljóst er að frestun sveitarstjórnarkosninga mun auka kostnað við innleiðingu sameiningarinnar og mun undirbúningsstjórn óska eftir aðstoð Jöfnunarsjóðs við að mæta þeim kostnaði.

Virðingarfyllt f.h. Undirbúningsstjórnar



Björn Ingimarsson, formaður

Fylgigögn:
Afrit úr fundargerðum sveitarstjórnanna.

Afrit sent:
Dómsmálaráðuneyti

Sveitarstjórn Djúpavogshrepps: Fundargerð 19.3.2020

5. aukafundur 2018-2022

Aukafundur var haldinn í sveitarstjórn Djúpavogshrepps fimmtudaginn 19. mars 2020 kl. 08:30. Fundarstaður: Fjarfundur

Mættir voru: Gauti Jóhannesson, sem stjórnaði fundi og ritaði fundargerð, Þorbjörg Sandholt, Kári Snær Valtingojer, Bergþóra Birgisdóttir og Kristján Ingimarsson.

Dagskrá:

1. Frestun sveitarstjórnarkosninga

Farið var yfir minnisblað dags. 18. mars varðandi frestun sveitarstjórnarkosninga í sameinuðu sveitarfélagi.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Sveitarstjórn Djúpavogshrepps samþykkir tillögu Undirbúningsstjórnar sameiningar sveitarfélaganna Borgarfjarðarhrepps, Djúpavogshrepps, Fljótsdalshéraðs og Seyðisfjarðarkaupstaðar um að sveitarstjórnarkosningum sem fram eiga að fara 18. apríl næstkomandi verði frestað.

Samþykkt samhljóða.

Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið kl. 08:40.

Fundargerðin færð í tölvu, lesin upp og staðfest.
Gauti Jóhannesson, fundarritari.

1761. fundur bæjarstjórnar Seyðisfjarðar

Miðvikudaginn 19. mars 2020 heldur bæjarstjórn Seyðisfjarðar fjarfund í Zoom kl. 09:02 .

Fundinn sátu:

Hildur Þórisdóttir forseti L-lista,

Þórunn Hrund Óladóttir L-lista,

Arna Magnúsdóttir L-lista,

Vilhjálmur Jónsson B-lista,

Oddný Björk Daníelsdóttir D-lista,

Rúnar Gunnarsson L-lista,

Elvar Snær Kristjánsson D-lista,

Aðalheiður Borgþórsdóttir bæjarstjóri.

Fundarritari var Aðalheiður Borgþórsdóttir bæjarstjóri.

Gerðir fundarins:

Forseti bauð fundarmenn velkomna til fundar og setti fundinn.

1. Sveitastjórnarkosningar 2020.

Forseti ber fram eftirfarandi tillögu:

Bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar samþykkir tillögu Undirbúningsstjórnar sameiningar sveitarfélaganna Borgarfjarðarhrepps, Djúpavogshrepps, Fljótsdalshéraðs og Seyðisfjarðarkaupstaðar um að sveitarstjórnarkosningum sem fram eiga að fara 18. apríl næstkomandi verði frestað lögð fram til afgreiðslu.

Tillaga samþykkt með sjö greiddum atkvæðum.

Fundargerð á 2 bls.

Fundi slitið kl. 09.04

Hildur Þórisdóttir

Arna Magnúsdóttir

Oddný Björk Daníelsdóttir

Snorri Jónsson

Rúnar Gunnarsson

Benedikta Guðrún Svavarsdóttir

Elvar Snær Kristjánsson

Aðalheiður Borgþórsdóttir

Eva Jónudóttir

Fundargerð

19032006

Fimmtudaginn 19. mars 2020 kl: 13.00 kom Hreppsnefnd Borgarfjarðarhrepps saman til 6. fundar í Hreppsstofu. Mættir hreppsnefndarmennirnir: Jakob, Jón Sigmar, Helgi Hlynur, Eyþór og Jón. Fundurinn er aukafundur.

Tillaga Undirbúningsstjórnar sameiningar sveitarfélaganna Borgarfjarðarhrepps, Djúpavogshrepps, Fljótsdalshéraðs og Seyðisfjarðarkaupstaðar um að sveitarstjórnarkosningum sem fram eiga að fara 18. apríl næstkomandi verði frestað lögð fram til afgreiðslu.
Samþykkt samhljóða.

Fundi slitið kl: 13.15

Jón Þórðarson ritaði

310. fundur bæjarstjórnar Fljótshéraðs

18. mars 2020 kl. 17:00 - 19:15 í fundarsal bæjarstjórnar

Nefndarmenn

- Stefán Bogi Sveinsson forseti
- Anna Alexandersdóttir 1. varaforseti
- Kristjana Sigurðardóttir 2. varaforseti
- Gunnar Jónsson bæjarfulltrúi
- Berglind Harpa Svavarsdóttir bæjarfulltrúi
- Anna Gunnhildur Ingvarsdóttir bæjarfulltrúi
- Björg Björnsdóttir bæjarfulltrúi
- Aðalsteinn Ásmundarson bæjarfulltrúi
- Hannes Karl Hilmarsson bæjarfulltrúi
- Björn Ingimarsson bæjarstjóri
- Stefán Snædal Bragason bæjarritari

Fundargerð ritaði: Stefán Snædal Bragason bæjarritari

Í upphafi fundar bar forseti upp þá tillögu að bætt verði inn einum lið á dagskrá. Sá liður verður númer 11, Sveitarstjórnarkosningar 2020. Ekki komu fram athugasemdir og var málið tekið á dagskrá.

Í upphafi fundar gerði forseti grein fyrir því að tveir bæjarfulltrúar sitji fundinn í gegn um síma, sem byggir á nýsamþykktri breytingu á sveitarstjórnarlögum. Kallað verður eftir afstöðu þeirra bæjarfulltrúa sem sitja fundinn í gegnum síma með nafnakalli. Kallaði forseti eftir hvort athugasemdir væru gerðar við það, en svo var ekki.

11.Sveitarstjórnarkosningar 2020

Málsnúmer 202003080

Til máls tóku: Stefán Bogi Sveinsson, sem kynnti málið og framlagða tillögu. Aðalsteinn Ásmundarson, sem bar fram fyrirspurn. Björn Ingimarsson, sem svaraði fyrirspurn. Anna Alexandersdóttir, Stefán Bogi Sveinsson, Gunnar Jónsson, Björg Björnsdóttir, sem bar fram fyrirspurnir, Gunnhildur Ingvarsdóttir, Björn Ingimarsson, sem svaraði fyrirspurnum, Anna Alexandersdóttir, Berglind Harpa Svavarsdóttir og Hannes Karl Hilmarsson.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Bæjarstjórn Fljótshéraðs samþykkir tillögu Undirbúningsstjórnar sameiningar sveitarfélaganna Borgarfjarðarhrepps, Djúpavogshrepps, Fljótshéraðs og Seyðisfjarðarkaupstaðar um að sveitarstjórnarkosningum sem fram eiga að fara 18. apríl næstkomandi verði frestað.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.